

## Umsögn (umbeðin, innra vinnuskjal)

Umsagnar óskaði: Bæjarráð  
Varðandi: Laufskálar fasteignafélag ehf.

Nr. erindis 202204552/40.1  
Dags.: 15. júní 2022  
Málefni: Umbeðin umsögn um erindi Laufskála varðandi landspildu  
Afrit: Engin

Bæjarráð samþykkti á 1535. fundi sínum þann 12. maí 2022 að óska eftir umsögn framkvæmdastjóra umhverfissviðs um erindi Laufskála varðandi ósk félagsins um kaup eða leigu á 1,4 ha. landsvæði af Mosfellsbæ fyrir frekari nýtingu gróðrarstöðvarinnar við Lund í Mosfellsdal. Umsögnin er svohljóðandi.

Í erindi Hafbergs Þórissonar fyrir hönd Laufskála fasteignafélags er óskað eftir 1,4 ha af 2,4 ha. Landspildu í eigu Mosfellsbæjar sem sýnd er á yfirlitsmynd hér að neðan með gulum ramma. Þeir 1,4 ha. sem Laufskálar fasteignafélag óska eftir til kaups eða langtímaleigu eru á mynd hér að neðan merktir með bláum lit.



Golfklúbbur Mosfellsbæjar hefur haft umrædda 2,4 ha. landspildu, sem er í eigu Mosfellsbæjar, til umráða á undanförunum árum og áratugum. Fram á síðasta ár var umrætt svæði nýtt sem æfingasvæði fyrir golfklúbbinn, en að beiðni Laufskála var þeirri nýtingu hætt eftir að nokkrar rúður brotnuðu í nýjum gróðurskála í Lundi vegna golfbolta.

Skoðaðir voru möguleikar á sínum tíma að ný aðkoma að Bakkakoti færðist sunnan Köldukvíslar og að þá yrði umrætt land nýtt að hluta undir bílastæði. Framtíðarsýn Golfklúbbs Mosfellsbæjar fyrir þessa spildu lýtur að því að svæðið verði byggt upp

sem æfingasvæði með litlum púttflötum og er það í samræmi við 5 ára uppbyggingaráætlun golfklúbbsins í Bakkakoti.

Í ljósi framangreindra áforma getur undirrituð ekki mælt með að 1,4 ha. verði úthlutað til Laufskála fasteignafélags.

**Tillaga:**

Undirrituð leggur til við bæjarráð að Golfklúbbur Mosfellsbæjar fái áfram að nýta umrædda 2,4 ha. landspildu og að erindi Laufskála fasteignafélags verði synjað.

Virðingarfyllt,  
Jóhanna Björg Hansen  
Framkvæmdastjóri umhverfissviðs